



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
xx
10x Reykjavík

Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 10. maí 2021

Varðar: Drög að reglugerð um birtingu upplýsinga úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta.

Míla ehf. („Míla“) vísar til draga að reglugerð um birtingu upplýsinga úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta, sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs.

Inngangur:

1. Í kynningargögnum segir að markmið reglugerðarinnar sé að setja ramma um opinbera birtingu tiltekinna upplýsinga um fjarskiptainnviði úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta. Þá er tekið fram að tilgangur birtingarinnar sé að almenningi og öðrum hagaðilum verði aðgengilegar upplýsingar um tegund og gæði fjarskiptatenginga sem séu í boði um allt land. Þá segir að opinber birting upplýsinga um fjarskiptainnviði megi ekki brjóta í bága við öryggishagsmuni eða brjóta gegn hagsmunum þeirra markaðsaðila sem eiga innviði og eiga réttmættra hagsmuna að gæta um að trúnaður ríki um tiltekna þætti varðandi birtingu upplýsinga um viðkomandi innviði.
2. Fram kemur einnig að Póst- og fjarskiptastofnun hafi undanfarið unnið að uppbyggingu gagnagrunns um almenn fjarskiptanet (hér eftir nefnt „GAF“).
3. Fram kemur að reglugerðin eigi sér stoð í 6. mgr. 62. gr. a. í lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

Almennar athugasemdir við drögin:

4. Landfræðilegar upplýsingar um legu og staðsetningu fjarskiptainnviða gefa ekki endilega vísbendingu um hvaða fjarskiptapjónusta er í boði á því svæði sem fjarskiptainnviðirnir eru á. Ljósleiðarastrengur sem slíkur er ekki ígildi þess að á svæðinu sé aðgangur að óþrjótandi bandvídd og allri hugsanlegri fjarskiptapjónustu. Staðsetningin segir ekkert um það hvaða þjónusta sé í boði á sama máta og þjóðvegakerfið sem er undirstaða samgangna á landi er ekki ígildi þess að þar sé öll þjónusta í boði, almenningssamgöngur, strætó og leigubílapjónusta svo dæmu séu tekin.
5. Að birta upplýsingar um legu og staðsetningu fjarskiptainnviða getur ógnað öryggi landsins og borgaranna. Með því að gera það má sjá staðsetningu og legu lagna að t.d. landtökustöðum sæstrengja, hernaðarmannvirkjum NATO, sendiráðum, einstökum mikilvægum fjarskiptastöðum byggðarkjarna, sendistöðum neyðarfjarskiptakerfa. Á meðan þjóðhagslega mikilvægri fjarskiptastaðir og innviðir hafa ekki verið skilgreindir á ekki að birta upplýsingar um staðsetningu fjarskiptainnviða og fara verður varlega með þær upplýsingar sem safnað hefur verið.
6. Ef það er vilji stjórnvalda að taka að sér að birta hvaða fjarskiptapjónusta er í boði vítt og breytt um landið er nauðsynlegt út frá öryggissjónarmiðum að birta einungis upplýsingar hvaða þjónusta er aðgengileg svæðisbundið en ekki birta eða veita aðgengi


að legu lagna og staðsetningu fjarskiptainnviða. Hér er einkum átt við upplýsingar úr stofnneti. Upplýsingar er varða aðgangsnetið eru almennt aðgengilegar hjá fjarskiptafyrirtækjum.

Athugasemdir við einstök ákvæði draganna:

7. 3. gr. draganna mælir fyrir um að fjarskiptafyrirtæki skulu „eiga frumkvæði“ að því að leiðrétta og uppfæra upplýsingar í GAF. Míla telur að þessi ábyrgð sem lögð er á fjarskiptafyrirtæki sé verulega íþyngjandi og hafi ekki stöð í fjarskiptalögum og leggur til að verði fellt út hvað varðar frumkvæðisskyldu fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt lögunum hefur Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að óska eftir gögnum og fjarskiptafyrirtækjum ber að verða við þeirri beiðni, en ábyrgð á viðhaldi og uppbyggingu grunnsins er á herðum Póst- og fjarskiptastofnunar.
8. 9. gr. draganna fjallar um afhendingu upplýsinga úr grunninum. Miðað við þessar forsendur munu fjarskiptafyrirtæki missa yfirsýn yfir þá aðila sem fá upplýsingar um innviði þeirra. Í tilviki Mílu getur það m.a. leitt til þess að Míla getur ekki veitt leiðbeiningar eða stöðvað framkvæmdir, ef til dæmis verður rof á landshringnum og það reynist nauðsynlegt að stöðva framkvæmdir við hann annars staðar á leiðinni, eða að Míla hefur ekki upplýsingar um hverjir voru að vinna í nálægð við fjarskiptavirki þegar rof verður. Ekki virðist gert ráð fyrir því í drögunum að fjarskiptafyrirtæki fái yfir höfuð upplýsingar um þá sem fá afhent gögn úr grunninum og hvað þá heldur að slíkar upplýsingar verði aðgengilegar fjarskiptafyrirtækjum með þeim hætti að unnt sé að grípa til aðgerða með nægilega skjótum og skilvirkum hætti.

Að lokum ítrekar Míla að *þjóðhagslega mikilvægir innviðir* hafa ekki verið skilgreindir hvað varðar fjarskiptainnviði. Míla telur að reglur og reglugerðir um afhendingu gagna úr GAF og mögulega takmörkun á afhendingu slíkra gagna nái ekki tilgangi sínum nema að það liggi skýrt fyrir hvaða innviðir teljist þjóðhagslega mikilvægir. Þá bendir Míla á að það að safna upplýsingum á einn stað er í sjálfu sér ákveðin ógn við öryggi innviða.

Virðingarfyllst,
f.h. Mílu ehf.,



Auður Inga Ingvarsdóttir
Forstöðumaður lögfræðipjónustu